

Sp.

532. Fyrirspurn

[240. mál]

til utanríkisráðherra um hernaðarframkvæmdir.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur ráðherra heimilað einhverjar nýjar framkvæmdir hér á landi á vegum Bandaríkja-hers eða NATO frá því Alþingi var síðast gerð grein fyrir slíku? Ef svo er, hverjar eru þær?
2. Eru í gangi framkvæmdir við hina rammgerðu og sprengjuheldu hernaðarstjórnstöð á Keflavíkurflugvelli? Ef svo er, hvernig standa þær framkvæmdir?
3. Hefur komið til álita í ríkisstjórninni að láta draga úr, fresta eða hætta alveg við einhverjar hernaðarframkvæmdir hérlendis í ljósi breyttra aðstæðna í alþjóðamálum?